



Spáum 4,3% verðbólgu í maí

Hagstofan birtir maímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 27. maí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,33% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 4,6% í 4,3%.

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,71% milli mánaða í apríl. Óhætt er að segja að þetta hafi komið mikið á óvart, en þetta var mun meiri hækkun milli mánaða en spáaðilar áttu von á. Það sem kom mest á óvart var að fasteignaverð hækkaði mikið meira en gert var ráð fyrir.


Helstu undirliðir:

Það er lítið af stórum hækkunar- eða lækkunarliðum í spánni um breytingu milli mánaða.

Einna áhugaverðast verður að sjá hvernig **reiknuð húsaleiga** þróast á næstunni. Verð á fasteignamarkaði hækkaði mjög mikið í mars og apríl samkvæmt mælingu Hagstofunnar og endurspeglar það mikla eftirspurn á fasteignamarkaði. Þá eftirspurn má síðan aftur m.a. rekja til mjög hagstæðra vaxta á húsnæðislánamarkaði sem hafa ekki áður verið lægri. Töluverð óvissa ríkir um þróun húsnæðisverð næstu mánuði en við spáum því að verðið muni hækka um 0,7% að þessu sinni sem er nálægt meðaltali síðustu 12 mánaða að undanskildum mars og apríl. Við gerum einnig ráð fyrir að áhrif þeirra vaxtalækkana sem gripið var til á síðasta ári fari minnkandi. Þau áhrif hafa dregið úr áhrifum hækkandi fasteignaverðs á reiknaða húsaleigu.

Samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði verð á **bensíni og olíu** um 0,2%. Við spáum því hins vegar að verðið hækki um 1,8% í næsta mánuði vegna verðþróunar heimsmarkaðsverðs olíu í apríl og maí.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14,7%	0,6%	0,09%
Áfengi og tóbak	2,7%	0,1%	0,00%
Föt og skór	3,9%	0,2%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,8%	0,2%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,4%	0,07%
Húsgögn og heimilisb.	6,7%	0,4%	0,03%
Heilsa	3,6%	-0,1%	-0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	3,8%	0,8%	0,03%
Kaup ökutækja	5,4%	0,2%	0,01%
Bensín og díselolía	3,0%	0,2%	0,01%
Flugfargjöld	1,4%	1,0%	0,01%
Póstur og sími	1,8%	1,1%	0,02%
Tómst. og menning	9,7%	0,1%	0,01%
Menntun	0,6%	0,0%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,7%	0,6%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	7,1%	-0,1%	-0,01%
Alls	100,0%		0,33%



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Spáum 3,7% verðbólgu í ágúst

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Júní: +0,23% milli mánaða, 4,1% ársverðbólga
- Júlí: -0,25% milli mánaða, 3,7% ársverðbólga
- Ágúst: +0,40% milli mánaða, 3,7% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Stærstu óvissuþættir núna eru:

1. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Vaxtalækkunir hafa ýtt undir verðhækkunir á íbúðarhúsnæði. Í nýbirtri [verðbólgu- og þjóðhagsspá](#) okkar gerum við ráð fyrir peningastefnunefnd taki fyrsta skrefið í vaxtahækkunum á 3. ársfjórðungi og hækki síðan í smáum skrefum í 2,75% í lok 2023. Nokkur óvissa er um hversu hratt nefndin hækkar vexti og hversu mikil áhrif vaxtahækkunar hafa á verð á íbúðarhúsnæði. Við teljum ekki útilokað að vaxtahækkunarferlið hefjist strax á morgun þegar stýrivaxtaákvörðun peningastefnunefndar verður birt.

2. Gengi krónunnar

Evran kostar núna 0,6% minna og Bandaríkjadalur 2,1% minna en í síðustu verðkönnunarviku. Spá okkar gerir ráð fyrir lítills háttar styrkingu krónunnar á næstu mánuðum og að evran endi í 145 krónum í lok árs.

3. Kjölfesta verðbólguvæntinga


Aprílmæling vísitölu neysluverðs kom mikið á óvart. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkaði nokkuð skarpt í kjölfarið. Niðurstöður væntingakönnunar markaðsaðila frá byrjun maí bendir til þess að þeir reikni með því að verðbólgan nái hámarki á 2. ársfjórðungi í ár og leiti síðan í átt að markmiði þegar líður á árið. Þrátt fyrir aukna verðbólgu síðustu mánuði hafa væntingar til lengri tíma samkvæmt þessari könnun ekki hækkað. Hækki verðbólguvæntingar er að öðru óbreyttu líklegt að verðbólgan verði hærri í ár en við gerum ráð fyrir nú.

4. Alþjóðleg verðbólga

Verðbólga í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu hefur hækkað síðustu mánuði. Tólf mánaða verðbólga í Bandaríkjunum mældist 4,2% í apríl og


Hagsjá

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gengisþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Alþjóðleg verðbólga



Heimild: Macrobond





var hækkunin milli mánaða sú mesta síðan 2008. Hækki verðbólgan í helstu viðskiptalöndum okkar og verði þrálát gæti það skilað sér í hærri verðbólgu hér á landi.

5. Heimsmarkaðsverð olíu

Heimsmarkaðsverð olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Það hefur þó hækkað verulega aftur og er komið á svipaðar slóðir og það var áður en faraldurinn braust út.

6. Flutningskostnaður

Frá árslokum 2019 hefur vísitala flutningskostnaðar með gámum hækkað um 60%. Töluvert mikil óvissa ríkir um að hversu miklu leyti þessi verðhækkun muni koma fram í verði vöruinnflutnings og hversu hratt.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.